

126. 15. júní. bera fram fyrir yður þá ósk alþingismanna, að tekin verði niður merkin af framhlið alþingishússins (ljónin og fiskurinn). Jafnframt hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá því, að þjer af byggingarþrýðis-ástöðum hafið ætlað, að yður bæri eigi að verða við ósk þessari, og hafið þjer lagt það til, að við þetta megi standa.

Ráðgjafinn hefir nú leitað álita byggingarmeistarans, Meldahls etazráðs, um þetta efni og fylgir eptirrit af álitsskjali hans þessu brjefi¹, enda skal eigi láta hjá líða, að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbæiningar, að ráðgjafinn felst á úrslit þau, er þjer hafið veitt máli þessu.

127. 15. júní. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um borgun á kornlánsskuld Snæfellsnessýslu. — Samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 um endurborgun á skuldakröfum landssjóðsins, vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að gjöra ráðstöfun til þess, að sýslunefnd Snæfellsnessýslu gefi út lögmætt skuldabryef til viðlagasjóðs fyrir upphæð þeirri, er getur um í 1. grein tjeðra laga, 3551 kr. 68 a. ásamt vöxtum frá 1. janúar 1880 til 31. desember 1881 = 284 kr. 14 a., samtals 3835 kr. 82 a., er endurborga skal að fullu og öllu með 6% á ári á næstkomandi 28 árum þannig, að hin árlega afborgun höfudstóls og vaxtagreiðsla, samtals 230 kr. 15 a., sje greidd í jardaþókarsjóð innan ársloka ár hvert, fyrsta sinn 31. desember 1882, og ber að senda amtinu áleiðis hingað hið umgetna skuldabryef.

128. 28. júní. — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kosningu presta. — Með þóknanlegu brjefi 7. október f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp eitt, er fer fram á að veita söfnuðum þeim, er hlut eiga að máli, rjett til að kjósa sjálfir presta sína á þann hátt, er skýrar er kveðið á um í frumvarpinu, og var frumvarp þetta borið upp af þingmanna hendi,

Ráðgjafinn verður að vera á yðar máli um það, að sú umfangsmikla breyting, sem frumvarp þetta fer fram á að gjöra á reglum þeim, er nú gilda um veiting prestsembætta, sje svo löguð, að eigi beri á hana að fallast. Sóknarprestarnir eru, eins og

1) Í brjefi F. Meldahls etazráðs, dags. Kaupmannahöfn 12. júní 1882, segir meðal annars svo: „... Þá er jeg á sínum tíma var beðinn um uppdrætti til nýs alþingishúss, sendi jeg þá til álita og samþykktar.

Á uppdráttum þessum voru markaðir þeir merkiskildir, er hjer um ræðir. Skildirnir mynda sambandslíðinn milli neðri helftar framhliðarinnar og sjálfrar miðjunnar yfir múrbrúninni, þar sem nafndráttur konungs og kóróna er sett. Uppdráttur minn var svo samþykktur. Skjöldinn með dönsku ljónunum varð ekkert umtal um, en þá kom þegar fram ágreiningur um, hvort fiskinn bæri upp að taka á hinn skjöldinn, eður valinn. En með því vals-merkið eigi var viðurkent af ríkinu, var hjá því sneitt að samþykkja, að valinn skyldi á merkið setja, og var jeg látinn ráða í þessu efni. Jeg kaus þá fiskinn, sem var enn til þessa, er húsíð var byggt, hið viðurkenda þjóðmerki Íslands. Með því móti fór svo, að framhlið hússins bæri um komandi aldir hinar rjettu sögulegu jartegnir, það er: Íslands þjóðmerki við hliðina á þjóðmerki Danmerkur, og yfir þeim merki þess konungs, er húsíð var reist á hans stjórnarárum. Til þess nú samt að gleðja hina ungu Íslendinga-kynslóð setti jeg val yfir dyrum niðri, er mint gæti á, að menn hefðu þegar verið farnir að hugsa um valinn 1881.

Útlitið á framhliðinni þolir með engu móti, að svo verulegir skrautumunir sje nú brott numdir, sem þeir er hjer um ræðir, og verð jeg því þarflátlega að beiðast þess, að ósk þeirri, er alþingismennirnir hafa fram borið, verði eigi sint. Yrði það gjört, myndi það ámóta skemmilegt fyrir framhlið hússins, eins og það yrði fyrir ásjónu manns, að raka af honum augnabrynnar....“

þjer hafið tekið fram, eigi að eins sálusorgarar safnaðarmanna, heldur og að mörgu leyti 128.
 embættismenn landsstjórnarinnar, og er þetta eitt nóg til þess, að eigi tjáir að fela 28. júní.
 söfnuðunum aðalráð á veitingum prestsembættanna. Auk þess er það, að meðan sama
 stjórn skal kirkjumálum stýra sem öðrum málefnum landsins, verður yfir höfuð að telja
 það óráðlegt, að slíta þetta atriði, sem er einn af hinum helztu liðum í núverandi skipu-
 lagi kirkjunnar, út úr samhengi sínu við þær aðrar ákvarðanir, sem það stendur í nánu
 («organisk») sambandi við. Skyldi hins vegar sú raun á verða, að þörf beri til að veita
 kirkjunni sjerstakt fulltrúaping (kirkjuráð eða því um líkt), þá myndi tími rjettur til
 kominn að taka slíkt mál til ihugunar, sem það, er hjer ræðir um. En þangað til unnt
 verður að koma slíkri endurbót á skipulag kirkjumálanna, verður allt um það nauðsyn-
 legt að halda skipulagi því, sem nú er, óbreyttu í öllum aðalatriðum, og að stjórnarvald
 það, er ábyrgðina ber á því, að kirkjumálunum sje viðunanlega og hagkvæmlega stýrt,
 fáí framvegis að hafa ráð til þess, að fullnægja þessari skyldu sinni. En af þessu leiðir,
 að stjórnin verður, eins og hingað til, að ráða veitingu embætta í þjóðkirkjunni, svo að hún
 geti gætt þess, að sá sem andlegt embætti er veitt, hafi eigi að eins almenna lögboðna hæfi-
 legleika, heldur sje og lagaður til að gegna því sjerstaka embætti, sem honum verður á
 hendur falið. Fyrir því verður stjórn landsins einni trúandi, að dæma um þetta, því
 að hún ein mun nægilega til þekkja, bæði prestastjettarinnar í heild sinni, og til hvers
 af stjettinni um sig, og þannig vera fær um að taka hæfilegt tillit, bæði til þarfa em-
 bættisins, og til hæfilegleika hvers um sig af umsækjöldum; hinsvegar hlýtur kunnugleiki
 safnaðanna á umsækjöldum ávallt að verða mjög ófullkominn, einkanlega á Íslandi,
 þar sem hin mikla víðátta landsins mun tálma því, að söfnuðirnir geti kynnt nánar
 umsækjöldum þeim, er í hlut eiga, og hlytu því úrslit kosningarinnar að miklu leyti að
 verða undir hendingu komin.

Samkvæmt því, sem þannig er tjáð, hefir ráðgjafinn eigi sjeð sjer ført að mæla
 fram með frumvarpi þessu til allra-hæstu staðfestingar, og það því síður, sem lög 27.
 febrúar 1880 um stjórn safnaðamála o. s. frv. hafa þegar veitt söfnuðunum á Íslandi
 meiri áhrif á veitingar prestsembætta, en nokkrum öðrum söfnuðum í ríkinu eru heimilud.
 Samkvæmt þessu lagði ráðgjafinn það allra-þegnsamlegast til, að frumvarpi þessu yrði
 synjað staðfestingar, og þóknadist hans hátign konunginum 16. þ. m. allramildilegast að
 fallast á þessa tillögu.

Það er eigi látið hjá liða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi,
 þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjaldskyldu útlendra skipa, 129.
 er farm taka af öðrum útlendum skipum í landhelgi. — Í þóknanlegu brjefi 19. f. m. 28. júní.
 hafið þjer, herra landshöfðingi, borið undir ráðgjafann fyrirspurn frá sýslumanninum í
 Sudur-Múlasýslu um það, hvort lög 4. nóv. f. á. um útflutningsgjald af fiski og lýsi m. fl.
 náí til fiskiveiða útlendinga, einkum þá er svo á stendur, að útgjörðarmennirnir senda
 skip upp, sem taka við aflanum af fiskiskipunum þannig, að fiskiskipin eru affermd og
 hin fermd inni á fjörðum á Íslandi; hafið þjer í ljósi látið, að spurningu þessari myndi
 bera að svara neitandi, en jafnframt skotið úrlausninni til úrslita ráðgjafans. Af tilefni
 því, er mál þetta gaf til þess, hafið þjer og í ljósi látið það álit, að ekkert myndi því
 til fyrirstöðu, að útlend skip leiti hafnar í landhelgi, til að umferma á þennan hátt.

Út af þessu skal jeg eigi láta hjá liða, að tjá yður þjónustusamlega, til þóknan-